

Minnisblað bæjarstjóra

Móttakandi: Bæjarráð

Dags.: 19.04.2024

Málefni: Málþing um öryggisinnviði

Málþing um öryggisinnviði í Skaftafellssýslum

Sveitarfélögin Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Hornafjörður héldu málþing á Fosshótel Vatnajökli í í Hornafirði 17. apríl sl. Eftir til samtals með hagsmunaaðilum vegna mikils álags á öryggisinnviði á svæðinu og grafalvarlegrar stöðu hvað það varðar.

Málþingið var afar vel sótt enda eru innviðir sem tengjast öryggi íbúa og ferðamanna í Skaftafellssýslum mjög þandir og álag á viðbragðsaðila mikið.

Í sveitarfélagunum þremur er íbúafjöldi 4200. Til samanburðar er útgefin hámarksfjöldi gistileyfa á svæðinu yfir 5600. Þetta þýðir að ferðamenn sem gista á hótélum og gistiheimilum á hverri einustu nóttu, nánast allt árið um kring, eru 40% fleiri en íbúar sveitarfélaganna. Þá er ótalin sá mikli fjöldi sem gistir í heimagistingu, í ferðavögnum eða tjöldum, svo ekki sé talað um þá sem aka um svæðið en gista ekki.

Í dag byggir mönnunar-módel heilbrigðisþjónustu og öryggisviðbragðs í sveitarfélögum á höfðatölu íbúa. Öllum er ljóst að sú aðferð er úrelt og engan veginn til þess fallinn að mæta því álagi sem er í Skaftafellssýslum vegna fjölda ferðamanna.

Á málþingið mættu allir helstu hagsmunaaðilar og tóku samtál um stöðuna og mögulegar lausnir. Ekki er þó til einföld lausn á þessari áskorun því verkefni krefst sameiginlegrar sýnar og átaks allra hagaðila, ekki síst stjórnvalda.

Líflegar umræður voru á málþinginu og samhljómur allra hagaðila um brýna þörf á aðgerðum strax. Næstu skref verða að stofna samráðshóp hagsmunaaðila í Skaftafellssýslum og mun sá hópur beita sér fyrir tafarlausum aðgerðum af hálfu stjórnvalda þegar kemur að öryggi íbúa og ferðamanna í sveitarfélagunum.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.